



Fréttabréf Brekkuskóla

1. mars 2014

7. tbl. skólaárið 2013- 2014

Ábyrgðamaður Bergþóra Þórhallsdóttir

Ágæta skólasamfélag.

Það sem gerir skólustarf skemmtilegt er ekki hvað síst fjölbreytnin. Við tökumst á við ólíka hæfileika okkar og þess vegna teljum við mikilvægt að skólinn bjóði nemendum upp á fjölbreytt viðfangsefni. Á sama tíma stefnum við sífellt að því að efla okkur í námi og starfi. Nýafstaðin samtöl eru dæmi um það hvernig við síðan fylgjum því eftir sem við erum að gera og komum skoðunum okkar, reynslu, markmiðum og áherslum á framfæri. Allir sem í samtölin mæta fá þar tækifæri til að tjá sig um námsframvindu, líðan og starfið í skólanum. Samtölin gengu heilt yfir vel og erum við þakklát því góða samstarfi sem þar birtist.

Í marsmánuði spreyta nemendur í 5. - 10. bekk sig í Brekkuvision hæfileikakeppninni og eins og gengur og gerist í keppnum sem þessum, þá geta ekki allir orðið sigurvegarar. Hins vegar má segja að með því að taka þátt og gera sitt besta, þá laggi nemandi grunn að því hvernig hægt er að taka þátt af innlifun og hafa ánægju af því að vera þátttakandi í skapandi starfi. Nemandi lærir að ef við néum ekki markmiði okkar getum við skoðað hvernig megi gera óðruvísi næst og jafnframt að skoða hvernig hægt er að lagfæra þau atriði sem betur máttu fara. Að sætta sig við niðurstöðu slíkrar keppni er líka viss sigur þar sem í því felst ákveðin viðurkenning og sétt um það að við erum ólík og getum ekki öll verið góð í öllu sem við tökum okkur fyrir hendur. Um leið þurfum við að læra að setja okkur raunhæf markmið. Öll erum við góð í einhverju. Við þurfum bara að kom auga á það og styrkja það.

Á starfsdegi í febrúar fóru starfsmenn á skyndihjálparnámskeið á vegum Rauða Krossins og Símeyjjar. Það var góð og gagnleg upprifjun.

Nordplusverkefnið okkar hefur tekið þá stefnu að ákveðið hefur verið að bjóða upp á valgrein á næsta skólaári þar sem kennt verður á ýmis forrit sem nýtast í námi og kennslu. Nemendur valgreinarinnar munu miðla þekkingu til annarra nemenda og kennara, en einnig mun valgreinin sjá um móttöku nemenda og kennara frá Lettlandi og Noregi næsta haust. Stefnt er einnig að því að valgreinin standi fyrir skólalöngingum um netöryggi.

Nokkrir kennaranemar hafa verið hér í heimsókn að undanförunu og munu verða það eitthvað áfram. Þeir fá að fylgjast með og aðstoða við kennslu eftir atvikum. Farkennari í dönsku er einnig hjá okkur þessa dagana og verður fram á vor.

Framundan í mars er útivistardagur í Hlíðarfjalli sem er árlegt boð bæjarins til nemenda. Við munum að sjálfsögðu þiggja þetta höfðinglega boð. Kærkomið vetrarfrí er á dagskrá í næstu viku og hefst á Óskudegi að venju.

Með kveðju úr skólanum!
Bergþóra Þórhallsdóttir aðstoðarskólustjóri

Gildi mánaðarins

Undanfarna mánuði höfum við lagt sérstaka áherslu á gildi skólans, menntun, gleði, umhyggja og framfarir. Þá ræða kennarar hvernig hægt er að nota og minna á gildin í skólustarfinu en einnig hafa þeir tengt gildin við umfjöllun um siðareglur kennara. Þá hafa kennarar tekið umræðu um og velt fyrir sér hinum ýmsu birtingarmyndum gildanna, unnið með T- spjöld og Y- spjöld með nemendum og tengt þannig efnid við agastjórnunarstefnu skólans.



Með nýrri aðalnámskrá fylgja rit sem fjalla um grunnþætti menntunar. Eitt þessara rita fjallar sérstaklega um jafnrétti. Í ritinu er farið yfir bæði kenningar og hugmyndir um jafnréttismál. Þar er því haldið fram að jafnréttismál séu mannréttindamál og undirstaða lýðræðis og sjálfbærni. Þar er bent á að jafnrétti snerti allt skólustarf og það sé allra sem vinna í skólum að standa vörð um og efla jafnrétti og jafnréttishugsun. Í Brekkuskóla ætlum við að gefa þessum grunnþætti menntunar sérstakan gaum í marsmánuði þessa skólaár. Við setjum upp jafnréttisgleraugun á það sem við tökum okkur fyrir hendur og framkvæmum hluta af þeim viðfangsefnum sem fyrir liggja í jafnréttisáætlun skólans. Gagnlegar vefsíður: "Jafnrétti í skólum" www.jafnréttiiskolum.is, "Jafnréttisstofa" www.jafnrétti.is

Jafnrétti

100 daga hátíð

- tíminn flýgur

Það er orðinn árviss viðburður í skólanum þegar 1. bekkur heldur sína 100 daga hátíð. Hún er haldin þegar nemendur 1. bekkjar hafa verið 100 daga í grunnskóla. Þau safna dögum alveg frá skólabyrjun. Í leiðinni er nemendum kennt að setja einingar saman í tugi. Þegar þau hafa safnað 10 tugum þá kemur í ljós að það er það sama og 100 dagar.



Þennan dag mæta nemendur og kennarar prúðbúnir og telja saman 10 sinnum 10 einingar af góðgæti í kramarhús þar til þau eru komin með 100 mola í kramarhúsið. Nemendur syngja og horfa saman á mynd. Að lokum ganga þau svo fylktu liði um skólann og syngja. Hátíðin setur skemmtilega svip á skólustarfið þennan dag.

Brekkuskóli

v/Skólalastig
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Viðburðadagatal og matseðill - Mars 2014

						1.
2.	3. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	4. Kjötbollur, kartöflur, sósa, grænmeti og ávextir. Sprengidagur	5. Vetrarleyfi	6. Vetrarleyfi	7. Vetrarleyfi	8.
9.	10. Starfsdagur	11. Heitt slátur, kartöflur, grænmeti, sósa og ávextir	12. Gufusóðinn fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir Skólahreysti	13. Tortilla, grænmeti, sósa og ávextir Heimsókn 5 ára leikskólanemenda	14. Grjónagrautur, slátur, salat og ávextir	15.
16.	17. Kjötbúðingur, kartöflur, grænmeti, sósa og ávextir Stóra upplestrarkeppnin í Brekkuskóla	18. Silungur og ýsuréttur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	19. Lambakjöt í brúnni sósu, kartöflur, salat og ávextir	20. Fiskiréttur, kartöflur, salat og ávextir Heimsókn 5 ára leikskólanemenda	21. Kraftsúpa, brauð, álegg, salat og ávextir	22.
23.	24. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	25. Kjöt, kjötsúpa og ávextir	26. Pasta og grænmeti, sósa, og ávextir	27. Gufusóðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, sósa, salat og ávextir Útivistardagur í Hlíðarfjalli	28. Rjómagúllas, kartöflustappa, grænmeti og salat Morgunmóttaka hjá 5. - 6. bekk	29.
30.	31. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	1. apr	2.	3.	4. Morgunmóttaka hjá 9. - 10. bekk	



Nordplus verkefnið

„E-Learning – Using Technology in Students’ Development”.

Verkefnið felst í því að efla kunnáttu nemenda og kennara á notkun tækni sem nýtist í námi og kennslu. Verkefnið er styrkt af Nordplus og stendur yfir í þrjú ár. Við erum stödd á fyrsta árinu.

Næsta haust munu koma til okkar fjórir nemendur, ásamt kennurum, frá Lettlandi í viku heimsókn í tengslum við verkefnið. Á vorönn 2015 munu fjórir nemendur frá Brekkuskóla fara í samskonar heimsókn til Lettlands.

Nú er farið af stað ferli þar sem umsækjendur eru að leysa ákveðin verkefni. Verkefnin eru hluti af umsóknarferli, en fjórum nemendum mun í framhaldinu gefast kostur á að fara í heimsókn til samstarfsskólanna.

Vefsíða verkefnisins er: <http://iclano.blogspot.com/>
Þar er hægt að nálgast frekari upplýsingar.

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir